

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 17. júlí 2024
UST202407-211/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Gunnarsholt land L164499

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Gunnarsholt land.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út að 60 hekturum verði breytt í athafnasvæði og minnkar landbúnaðarland sem því nemur. Fyrirhugað er að framleiða skógarplöntur á spildunni í gróðurhúsum og innan skjólveggja. Heimilað verður að byggja skemmur og einnig verður starfsmannaaðstaða til viðveru og gistingar innan svæðis. Gert er ráð fyrir að plantað verði trjám umhverfis starfsemina, í um 20-30 hektara svæði, þ.e. sem skjólbelti innan lóðarmarka.

Athafna- og iðnaðarstarfsemi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi skýrt fram í tillögunni hversskonar starfsemi mun fara fram á svæðinu. Í erindinu segir að um sé að ræða iðnaðar - og athafnasvæði, en í greinargerð er fjallað um athafnarsvæði. Vísað er svo í stefnu aðalskipulags vegna iðnaðarsvæða og skógræktarsvæða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð er iðnaðarsvæði skilgreint sem svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, en athafnarsvæði er skilgreint sem svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.¹

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umhverfisþætti og áherslur umhverfismatsskýrslu, en vill vekja athygli á að skoða þarf jafnvel áhrif ljósmengunar frá gróðurhúsum.

Virðingarfyllst,

¹ <https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013>

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur